



Fundargerð

1552. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910 - Seltjörn,
19. febrúar 2026, kl. 8:15

Viðstaddir:

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Guðbergur Reynisson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Margrét Þórarinsdóttir og Róbert Jóhann Guðmundsson.

Að auki sátu fundinn Birgir Már Bragason áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Díana Hilmarsdóttir boðaði forföll, Róbert Jóhann Guðmundsson sat fyrir hana. Margrét A. Sanders boðaði forföll, Guðbergur Reynisson sat fyrir hana. Helga María Finnbjörnsdóttir boðaði forföll, Birgir Már Bragason sat fyrir hana.

* * *

1. Helguvík Investment (2026020390)

Unnar Steinn Bjarndal bæjarlögmaður mætti á fundinn.

Lagt fram kauptilboð Reykjaneshæjar að lóðinni Stakksbraut 9.

Bæjarráð samþykkir framkomið kauptilboð og felur Unnari Steini Bjarndal bæjarlögmanni að vinna áfram í málinu í samræmi við umræður á fundinum. Formanni bæjarráðs falið að undirrita kauptilboðið.

2. Gamla búð (2025020331)

Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu mætti á fundinn.

Kynnt gögn aðila vegna reksturs í Gömlu búð og lögð fram drög að leigusamningi.

Bæjarráð felur Hreini Á. Kristinssyni að vinna áfram í málinu.

3. Óbyggðar atvinnulóðir - svar við fyrirspurn (2026020140)

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs kom inn á fundinn gegnum fjarfundabúnað.

Lögð fram gögn vegna fyrirspurnar um óbyggðar atvinnulóðir hjá sveitarfélaginu. Fyrirspurninni verður svarað formlega á fundi bæjarstjórnar 3. mars 2026.

4. Akademiureitur (2025010481)

Erla Bjarný Gunnarsdóttir lögfræðingur umhverfis- og framkvæmdasviðs og Gunnar Kristinn Ottósson skipulagsfulltrúi mættu á fundinn.

Lagt fram minnisblað um næstu skref vegna Akademiúreitsins. Óskað er eftir heimild til ráðningar aðila til að sinna útboðsvinnu í samvinnu við starfsfólk Reykjanesbæjar. Einnig er óskað eftir heimild til að halda áfram vinnu með Alta vegna deiliskipulagsvinnu og útboðslýsingar fyrir reitinn.

Að auki er óskað eftir tilnefningu í hóp sem mun sjá um samskipti og samningagerð við fjárfesta á þeim reitum sem við á.

Bæjarráð leggur til að starfshópur um Akademiúreitinn fundi um þær tillögur sem lagðar voru fram í samræmi við umræður á fundinum. Málið verður tekið aftur fyrir á fundi bæjarráðs.

5. Þórukot ehf. - þróunar- og samstarfssamningur (2025090372)

Erla Bjarný Gunnarsdóttir lögfræðingur umhverfis- og framkvæmdasviðs mætti á fundinn.

Lögð fram drög að samstarfssamningi milli Þórukots ehf. og Reykjanesbæjar um þróun og uppbyggingu verslunar- og þjónustukjarna í Reykjanesbæ.

Bæjarráð samþykkir samstarfssamninginn og felur Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra að undirrita hann.

Bæjarráð felur Erlu Bjarnýju Gunnarsdóttur lögfræðingi umhverfis- og framkvæmdasviðs að vinna áfram í skilmálum varðandi lóðamál.

6. Discover Truenorth ehf. - umsókn um tækifærisleyfi (2026020387)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

7. Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga - auglýsing eftir framboðum (2026020298)

Lagt fram bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga þar sem vakin er athygli á að frestur til að skila inn framboði í stjórn Lánasjóðsins er til kl. 12:00 föstudaginn 27. febrúar nk.

8. Fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 17. október 2025 (2025010435)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga.

9. Fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 9. janúar 2026 (2026020369)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga.

10. Fundargerð Almannaþingarnefndar Suðurnesja utan Grindavíkur 5. febrúar 2026 (2026020271)

Lögð fram til kynningar fundargerð Almannaþingarnefndar Suðurnesja utan Grindavíkur.

11. Fundargerð stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 11. febrúar 2026 (2026010317)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:42.